

Kennsla grunnskólabarna á Barðaströnd þegar skólaakstur fellur niður

Heimastjórn fyrrum Barðastrandar og Rauðasandshrepps telur að finna verði betri lausn á kennslu grunnskólabarna af Barðaströnd þegar skólaakstur fellur niður vegna veðurs og færðar. Heimastjórn óskar eftir því að stofnuð verði nefnd með fulltrúa Patreksskóla, fjölskylduráðs og heimastjórnar til að útfæra bestu lausnina.

Samkvæmt óformlegri könnun formanns heimastjórnarinnar vill meirihluti foreldra barna á Barðaströnd að nemendur vinni þessa daga heima hjá sér en hafi aðgang að kennara í gegnum fjarfundabúnað.